

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. desember 1983,

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 250/1976, um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 9. gr. bætist nýr töluliður er verði 10. tl. og orðist svo:

Við sölu og dreifingu matvöru, er inniheldur salt (natríumklóríð) skal geta um magn þess á umbúðum sé um luktur umbúðir að ræða.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, lögum nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og lögum nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni, öðlast gildi 1. apríl 1984.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. desember 1983.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.